

Aðalfundur LÍ
8. og 9. nóvember 2018
Frá stjórn Félags íslenskra heimilislækna

Tillaga til ályktunar um heimilislækningar

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi þann 8. og 9. nóvember 2018 skorar á ríkisstjórn Íslands, fjármálaráðuneytið og Alþingi Íslendinga að efla heimilislækningar og tryggja öllum landsmönnum sinn heimilislækni. Bæta þarf svo um munar fjármögnun heilsugæslunnar svo hún standi undir hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður og geti tekist á við öll sín mikilvægu verkefni. Læknismönnun í heilsugæslu er víða óviðunandi og ekki horfur á að batni nema með raunverulegri viðspyrnu stjórnvalda. Ríkisstjórninni og Alþingi ber að fara að þjóðarvilja og setja heimilislækningar sem grunnstoð heilbrigðiskerfisins í raunverulegan forgang.

Greinargerð:

Heimilislæknum fækkar á landsbyggðinni eins og kom fram í nýlegu svari heilbrigðisráðherra við spurningu Ólafs Ísleifssonar. Sama niðurstaða fékk ríkisendurskoðun í skýrslum sínum um heilsugæslun höfuðborgarsvæðisins frá 24.04.2017 og heilsugæslu á landsbyggðinni frá 27.04.2018. Búa þarf mun betur að landsbyggðar læknum bæði með bættum kjörum og bættri vinnuástöðu. Í þéttbýli eru enn of fáir heimilislækna ef miðað er við að hver læknir sinni 1500 manns sem þó er tala sem ekki má gera ráð fyrir að allir heimilislækna anni. Mikill fjöldi heimilislækna mun hætta vegna aldurs á næstu árum. Ef samatekt Elínborgar Bárðardóttur frá því fyrir á þessu ár gengur eftir, hætta 39 lækna á næstu 5 árum og 44 í viðbót á næstu 5 árum þar á eftir. Brýnt er að fjölga til muna sérnámslæknum og gera heimilislækningar að aðlaðandi sérgrein fyrir lækna, til að koma á mótis við þessa fækkun.

Heimilislækna á Íslandi ásamt sínu samstarfsfólki í heilsugæslunni, bera hitann og þungann af að greina og sinna til langs tíma, þeim sjúkdómum sem obbinn af Íslendingum deyr úr og þeim